

* **Innflutningur á gerviosti**

* **Tollflokkun vöru**

Úrskurður nr. 1/1998

Í málinu var deilt um tollflokkun á svokölluðum gerviosti, en tollstjóri hafði gefið innflytjanda vörunnar það álit sitt að vöruna bæri að flokka í tnr. 2106.9069. Tollstjóri birti kæranda þetta álit sitt í „Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru“ nr. 9700219 og 9700220 þann 23. október 1997. Ríkistollanefnd staðfesti þessa ákvörðun tollstjóra.

Lög nr. 55/1987, 101. gr., 142. gr.

Með bréfi, dags. 22. desember s.l., kærir A, þá ákvörðun tollstjórans í R að tollflokka skuli gerviost í tnr. 2106.9069. Álit þetta var birt kæranda í „Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru“ nr. 9700219 og 9700220 dagsett 23. október 1997.

Í kærinni segir svo m.a.: „Þann 10. október 1997 lagði A inn beiðni um tollflokkun á innfluttum osti. Með umsókn fylgdi lýsing á samsetningu ostsins. Niðurstaða tollstjórans í R var sú að viðkomandi ostur færi í tollflokk 2106 Matvæli ót.a.: (2106.9069 – Annað).“

Þá segir í kærinni að í innihaldslýsingu vörunnar á umbúðum komi fram að viðkomandi ostur sé að stórum hluta framleiddur úr mjólkurhráefnum sem og annar ostur, þar má nefna:

- Kasein (Casein) sem er mjólkurprótein unnið úr undanrennu.
- Mysa (Whey) sem er mjólkurafurð sem inniheldur m.a. mjólkurprótein, mjólkursykur og mjólkurfitu.
- Mjólkursýra (Lactic acid).
- Ostur (meðhöndlaður með ensímum) sem skv. innihaldslýsingu er að meginstofni framleiddur úr sýrðri mjólk, vatni og rjóma.

Ákvörðun tollstjórans í R um tollflokkun þessarar vöru er þess eðlis að varan meðhöndlast ekki sem mjólkurvara og því sé óheftur innflutningur á viðkomandi vöru heimill.

A lét framkvæma mælingu á próteininnihaldi viðkomandi osts hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Niðurstöður mælinga á próteininnihaldi sýnanna voru að þær innihéldu annars vegar 15,5% og hins vegar 19,7% prótein. Vatnsinnihald sýnanna reyndist vera 50,1% og 46,8%. Einnig voru send sýni til fitumælinga hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA). Niðurstaða þeirra mælinga var sú að fituinnihald mældist 20,54% annars vegar og hins vegar 21,03%.

Þá segir að á innihaldslýsingu á umbúðum vörunnar komi fram að allt prótein ostsins sé mjólkurprótein sem komi úr mjólk (kasein, mysa og ostur). Vatnsinnihald ostsins mældist 46,8% og 50,1% er sambærilegt við íslenskan ost eins og Mozzarella 21%.

Eftirfarandi tafla sýnir efnasamsetningu viðkomandi osta samkvæmt efnagreiningu sem framkvæmd var af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Einnig kemur fram meðaltals efnainnihald sambærilegra innlendra osta sem eru á markaði.

Tegund	Fita %	Prótein %	Vatn %	Annað %
Sýni # 1	20,53	15,5	50,1	13,78
Sýni # 2	21,03	19,7	46,8	12,47
Mozzarella 21%	21,0	26,5	47,0	5,50

Kærandi telur að vara þessi sé í megindráttum sambærileg við íslenskan ost eins og Mozzarella 21%. Það sem skilji hann frá íslenskum ostum sé að í stað mjólkurfitu er notuð sojaolía við gerð hans. Að öðru leyti séu mjólkurhráefni meginuppistaða hans.

Þá segir að við tollflokkun virðist skipta höfuðmáli hvaðan vatn í viðkomandi vöru komi. Í þessu tilviki sé búið að fjarlægja vatn úr mjólkurhráefnum við framleiðslu grunnhráefna (casein, whey, cheese) sem svo síðan er bætt í vöruna aftur. Það eitt og sér virðist mynda forsendur að þeirri tollflokkun að viðkomandi ostur sé ekki mjólkurvara. Innihaldslýsing íslenskra osta taki mið af þeim grunnhráefnum sem notist til viðkomandi vinnslu, en sambærilegt við umræddan ost þá er sá efnisþáttur sem vigtar þyngst í íslenskum ostum, vatn. Bendir kærandi á að ef vörulýsing tæki mið af þeim grunnhráefnum sem í hana fara við framleiðslu, þ.e. áður en undanrennu er breytt í kasein, sýrðri mjólk og rjóma í ost, væri meirihluti hráefnanotkunar mjólkurhráefni.

Til samanburðar dregur kærandi upp þá mynd að ef til innflutnings kæmi á undanrennuosti, sem framleiddur

er úr undanrennu, þá yrði sá ostur að öllum líkindum skv. upplýsingum tollstjórans í R, flokkaður undir tollflokk 0406 Ostur og ystingur. Þessi flokkun byggði á því að osturinn væri framleiddur að meginstofni úr undanrennu ásamt öðrum hjálparefnum enda kæmi sú lýsing fram á umbúðum vörunnar.

Ef hins vegar sambærilegur ostur yrði fluttur inn en framleiðsla hans færi fram með þeim hætti að undanrennuduft yrði leyst upp í vatni og úr þeirri undanrennu yrði framleiddur sams konar undanrennuostur, þá myndi vörulýsing á umbúðum gefa til kynna að osturinn væri framleiddur úr (eftir magni), vatni, undanrennudufti og ýmsum hjálparefnum. Vöru- og innihaldslýsing ostsins gæfi því, skv. áðurgengnum úrskurði tollstjórans í R, vísbendingu um að slík vara færi í tollflokk 2106 en ekki 0406.

Kærandi telur að hér stangist á ákveðnar grunnforsendur sem leitt geti til mismunandi niðurstaðna í opinberri tollflokkun sambærilegra vara og jafnvel vara sem eru framleiddar úr nákvæmlega sömu grunnhráefnum þar sem eingöngu framleiðsluferlið skilur þær að.

Ríkistollanefnd sendi kæru kæranda til ríkistollstjóra. Í kröfugerð ríkistollstjóra, dags. 15. janúar 1998, segir m.a. að vara sú sem hér um ræðir sé gerviostur eða ostalíki, *Imitation Cheese, Cheese Substitute*. Slíkar vörur séu venjulega búnar til úr vatni, fitu, próteini (kasein), þykkingarefni (sterkja) og ýmsum bragð- og aukaefnum. Efnunum er blandað saman og varan mótuð á meðan hún þykknar, að því loknu er hún tilbúin til neyslu.

Ríkistollstjóri telur ekki koma til álita að flokka þessa vöru í vörulið 0406 þar sem þeir ostar sem þar flokkast eru náttúrulegir ostar búnir til með þeim hætti að mjólk eða rjóma er hleypt með ostahleypi, mysan er síuð frá og það fasta efni sem eftir situr er oftast mótað og látið standa, jafnvel í fleiri mánuði eða ár, þar til það hefur gerjast eða brotið sig.

Þá telur hann að vöruliður 0404, „vörur úr náttúrulegum efnisþáttum mjólkur“, komi heldur ekki til álita þar sem eingöngu mysan (0404) teljist náttúrulegur efnisþáttur mjólkur en ekki kasein (3501), mjólkursýra (2918) eða ostur (0406), sem öll eru frekar unnin. Og vöruliður 1901 „matvæli úr vörum í nr. 0401.0404“ ekki heldur, þar sem vara þessi er ekki nema að mjög litlu leyti úr vörum í þessum vöruliðum, eingöngu mysan (0404) telst til þeirra en ekki kasein (3501), mjólkursýra (2918) eða ostur (0406).

Ríkistollstjóri telur því að vöruliður 2106 „Matvæli, ót.a.“ sé sá eini sem til greina kemur skv. túlkunarreglu 1 við tollskrá og krefst þess að hin kærðu álit tollstjóra verði staðfest.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir málið og kynnt sér gögn í málinu sem aðilar hafa lagt fram.

Kærðar eru tollflokkunarákvarðanir tollstjórans í R nr. 9700219 og 9700220 frá 23. október s.l., sbr. ákvæði 142. gr. tollalaga nr. 55/1987. Um er að ræða tvær gerðir af gerviosti „Schreiber menu brand og Schreiber American sandwich slices“. Vara þessi er gerviostur framleidd úr vatni, sojaolíu, kaseín (mjólkurprótein), sterkju, salti af sítronsýru, mysu, salti, mjólkursýru, ensím breyttum osti ásamt ýmsum öðrum efnunum.

Vara þessi er ekki ostur. Við framleiðslu hennar eru ekki notaðar hefðbundnar aðferðir við ostagerð. Þá er ekki mjólkurfita í vörunni en samkvæmt 3. athugasemd a. við 4.kafli þarf að vera 5% eða meira af mjólkurfitu í vörunni miðað við þyngd þurrefnis. Þar af leiðir tollflokkast vara þessi ekki í vörulið 0406.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hinar kæru ákvarðanir tollstjórans í R nr. 9700219 og 9700220 frá 23. október 1997 skuli standa óbreyttar, þ.e. að Schreiber gerviostur tollflokkast í tnr. 2106.9069.